

Aðalfundur GFFÍ 19. maí 2021 .Fjarfundur með Zoom.

Fundur settur kl 18.

Mættir úr stjórn; Anna María Flygenring (AMF) formaður, Guðni Ársæll Indriðason (GÁI) gjaldkeri, Þorsteinn Einar Þorsteinsson (ÞEP) ritari. Birna K.Baldursdóttir,(BKB)

Félagsmenn; Anna María Lind Geirsdóttir (AMGL) fundarstjóri, Jóhanna B. Þorvaldsdóttir ,Helena Hólm,Guðrún Lárusdóttir,Ólafur Dýrmundsson,

Gestir; Óli Þór Hilmarsson Ólafur Reykdal hjá Matís, Dominique Pledél Jónsson frá Slow food,

ÓPH hóf frásögn um reglugerð 500/2021 Um slátrun í litlum sauðfjár- og geita sláturhúsum.Sagði eftir að hafa lesið sig í gegnum reglugerðina verði mjög erfitt yrði að uppfylla þessi skilyrði fyrir almennan bónda og standast þessar kröfur, þetta var ekki það sem lagt var í upphafi að aðgengilegt yrði fyrir bændur að slátra við hreinlegar aðstæður og selt á markaði afurðina. Þetta er í rauninni ekkert annað en venjuleg sláturhús sem verið er að fara fram á.

Umræður:

Kjötmatið: AMF fékk póst frá ráðuneytinu að málið er í vinnslu og verður sett í samráðsgátt alveg á næstunni ,það er búið að vera í hátt í tvö ár hjá þeim.

Jóhanna spurði hvort ekki væri hægt að þjálfa gott viðmót hjá sláturleyfishöfum gagnvart geitabændum og BKB varpaði fram hvort ekki væri hægt að þjálfa lágmarks mannleg samskipti. Hjá sumum er þó allt í góðu lagi ekki öllum.ÓD spurði hvort borið hafi verið saman hvernig þetta er erlendis? Svar ,Nei en í Svíþjóð er Evrópusambandið búið að styrkja og byggja upp sláturhús og tók GL undir það hafi séð það sjálf. DPJ upplýsti að í Noregi er notast við bíla sláturhús og styrkt af ríkinu og þau sem starfa við slík hús eru dýralæknar og þar eru gríðalegar vegalengdir að fara .

Ólafur Reykdal þakkaði félaganum ÓPH fyrir góða yfir ferð og vildi bæta við að Matvælasjóður væri að opna fyrir umsóknir sem rennur úr 6. júní og vilja þeir bjóða aðstoð sína til að sækja um og leggja á ráðin og aðstoða fyrst og fremst hvort matís gæti komið að svona málum og væri það fyrst og fremst Báru flokkurinn sem vekur áhuga , við ræddum við Sæmund Sveinsson að fara í umsókn um varðandi erfðafræði rannsóknir en niðurstaðan væri að hún myndi ekki henta fyrir Matvælasjóð.

Dominique tók til máls sagði frá Slod Food samtökunum. Geitahald á Íslandi fellur vel að samtökunum kjötframleiðslan samræmist vel og búið er að fá undanþágu fram á næsta ár fyrir ostana til að nota heimatilbúna gerla og fyrir ógerilsneydda mjólk : hvetur okkur til að þrýsta á stjórnvöld að leyfa slíkt.Framleiðslu Reglur eru tilbúnar og búið að senda út, framleiðendur þurfa skrifa undir 2 skjöl til að þetta gangi og þeir geti byrjað. Jóhanna spurði hvað þurfa margir geitabændur að vera tilbúnir til að þeir verða teknir inn ? DPJ talaði um 12 en heldur að 7 eða 8 gætu gengið.

Aðalfundur hefst 18:53 : AMF tilnefnir AMGL sem fundarstjóri.

Ársskýrsla stjórnar flutt að formanni AMF. Sjá skýrslu í viðhengi.

Umræður opnar: Jóhanna spyr um greiðslur vegna niðurskurðar út af riðu, henni minnst að greitt hafi verið 20 þús á grip og ætti að vera í fundargerð (ritari fann fundargerð frá 5 nóv 2004 þar sem minnst er

á þessa upphæð en ekkert staðfestir þar að það hafi verið framkvæmt.)AMF segir að gengið hafi verið illa að semja við hvern og einn. Jóhanna spyr hvort kjötgreiðslur falli niður í búvörusamningunum ? AMF svarar að það hafi ekki verið umsemjanlegt neitt annað ef fiðan ætti að vera inni sem varð ofan á. Jóhanna sagði að ein aðili hafi fengið mjólkurgreiðslur sem skilaði á réttum tíma og hafi tekið 3 símtöl frá janúartil að fá þær. Rökin frá ráðuneyti voru þau að beðið hafi verið eftir hvort fleiri myndu skila inn þó frestur væri útrunni (10. des) .Fannst henni það mjög sérstakt og hafi tekið mörg símtöl til að fá þetta greitt eins og lögin segja til um.En hins vegar hækka gripagreiðslur upp í 69 % sem ætti að vera hvetjandi fyrir fleiri að byrja eða fjölga geitum. AMF sagði að ef fiðan ætti að koma inn verði eitthvað að fara út, það var lagt þannig upp frá ráðuneytinu og þetta var niðurstaða stjórnar að koma fiðunni inn ,en því má breyta í framtíðinni. Jóhanna taldi að við ættum ennþá eftir að standa í baráttunni næstu tuttugu árin „krakkar mínir “.

Gjaldkeri skýrir reikningar félagsins. GÁI hefur máls.

Umræða skýrslu gjaldkera: ÓD spur hve mikil % er afskrifað Svar: 15 % af hafrastöðinni og áhöld og búnaður. GÁI hefur áhyggjur af hafrastöðinni ef gengið verður formlega í BÍ og hvort stjórn GFFÍ sjái um hana áfram eða ekki en telur líklegt að það verði svo.GL spyr hve mikil þátttaka er í sæðingum ? BKB svarar 2 aðilar í haust og ekki nógu mikil þátttaka. J sæddi 9 huðnur og fékk 4 kíló úr 3 geitum .AMF sæddi þrjár en enginn hélt. BKB spyr GÁI það var góður árangur hjá þér fyrir nokkrum árum GÁI hélt 40-50 % hafi haldið.J árið 2012 sæddi 22 geitur og 12 báru .

Reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir.

Næsti liður er árgjald félagsins.

GÁI upplýsir að samkvæmt breyttu skipulagi BÍ eigum við ekki að rukka inn félagsgjöld heldur BÍ J.spyr hvaða fjármuni á félagið að hafa ef ekki eru rukkuð félagsgjöld .GÁI telur að félagið geti sóttum fjármuni til BÍ. Liðnum frestað .

J hvað er í boði ef við samþykkjum ekki sameiningu ? Þetta er nánast þannig að ef meirihluti félagana samþykkja en við ekki er okkar félag bara utan þess. AMF telur félagið hafa hafa fengið góða velvild frá stjórn BÍ og telur töluverða breytingu vera í samtökunum t.d. um kolefnissporin.Telur að okkur verði ekki stætt fyrir utan og spyr hvar við verðum í búvörusamningum um geitarrækt þar sem BÍ fer með samningsumboð gagnvart ríkinu.Var svartsýn í upphafi en þetta síast inn með jákvæðni .GL telur að stjórninni verði í sinni búgreinadeild að geti unnið á þar .Það styrkir að það eru fleiri aðilar að koma inn og J segir að það þurfi að fleiri komi inn í geitaræktina.GÁI félagið sem slíkt verður með sína k.t. og heldur á sínum fjármunum og eignum en stjórnin færir í búgreinadeild innan BÍ sem Deild geitfjárbænda og er undir stjórn BÍ .Félagsgjaldið í BÍ er veltutengt og þarf að skila skýrslu um árlega veltu. Og félagsmenn í BÍ geta skráð sig í mismunandi deildir .AMF hvetur félagsmenn til að samþykkja tillöguna um sameiningu og Jóhanna tekur undir.

Tillaga borin upp til afgreiðslu :

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands,haldinn með fjarfundarbúnaði 19. maí 2021 samþykkir að starfsemi félagsins færir undir Bændasamtök Íslands á grundvelli samþykktra tillagna Búnaðarþings frá 22.-23. mars 2021.

Stjórn er falið að leggja fram tillögur að nýjum samþykktum fyrir GFFÍ á næsta aðalfundi sem verður

jafnframt búgreinarþing geitarfjárræktarinnar í samráði við væntanlegar samþykktir BÍ.
Geitfjárrættarfélag Íslands verður ekki slitið en starfsemi félagsins færast undir Bændasamtök
Íslands. Skulu eignir GFFÍ vera á kennitölu félagsins og stjórn búgreinardeildarinnar ,sem jafnframt
er stjórn GFFÍ ,hafa umsjón með þeim.

Tillagan samþykkt með 10 atkvæðum engin á móti.

Næsta mál kosningar.

AMF býður sig fram til formanns „Samþykkt 1 ár

GÁÍ á 2 ár eftir

ÞEP á 2 ár eftir

BKB býður sig fram aftur „ Samþykkt 3 ár

Jóhanna býður sig fram „ Samþykkt 3 ár

Sig Mattíasdóttir á 1 ár eftir

Betty býður sig fram „ samþykkt 2 ár

Skoðunarmenn reikninga

Magnús kristjánsson 1 ár eftir

Vilhjálmur Grímsson býður sig fram „Samþykkt 2 ár

Önnur mál :BKB það fékkst styrkur 900 þús vegna riðuarfgreiningar frá Erfðanefnd landbúnaðarins. Þarf að
taka sýni úr mörgum hópum núna í haust .Það er komin út reglugerð í Evrópusambandinu um arfgerð
verndandi stofna til að minnka niðurskurð .Í Noregi hafa fundist geitur sem eru með stökkbreytingu og
gerið þetta prion prótein óvirkt .Þannig að þær fá ekki riðu. Þar er mjög spennandi að sjá hvað gerist í
þessum efnum. Eftir að sýni verða send út kemur svar eftir c.a tvær vikur þá er hægt að vinna úr því segir
Birna. Gott að byrja taka úr nokkrum hópum sem víðast og senda með DHL. Notast við töng eins og
merkjatöng sem skilar vilja vefjasýni í sérstök glös sem klippt er beint ofan í. Verður spennandi þetta
aðgerðakort sem europa leggur ríka áherslu á með viðkvæma stofna að ganga ekki beint í niðurskurð . GL
spyr hvort einhver alvarleg vandamál hafi borið á kiðum í vor ? Jóhanna segir að hafi gengið mjög vel,
heilbrigð kið og GI tekur undir, Jóhanna telur jólatré hafa farið vel í hennar geitur fékk um 40 tré og gefur
kiðum selen búst og joð á nafla nýfæddum og virkar vel, jafnvel AB mjólk viku gömul vegna smá skitu.
Jóhanna spyr hvort einhver hafi tekið eftir að hafrar nægi dindlana á huðnunum á fengitíma ,engin
kannaðist við það. Þessu lenti Jóhanna í með einn hjá sér sem nagaði 19 huðnur.

Svo var talað um veðrið nánast engin strá komin á kreik allt grátt og búið að vera kalt og snjóar af og til
,helst að ritarinn sé farin að sleppa á nýsprottið gras en hann býr út á Garðskaga á Reykjanesi .GL
hvetur geitabændur að hittast reglulega þó við göngum undir Bændasamtökin því eins og Jóhanna
segir skiptir máli að við þekkjumst og við höldum þekkingu okkar á milli.

Svo er vonandi hægt í haust að halda upp á 30 ára afmæli GFFÍ með samkomu og hitting. Ólafur Dýrmundsson biður um orðið: Nefnd sem sett var á laggirnar af ráðherra sem Sigurborg Daðadóttir stýrir á að endurskoða og koma með tillögur og álit um hvernig taka skal á málum ef riða kemur upp með vonandi nýja og sanngjarna sýn fyrir bústofn og bændur, og hvetur stjórnina til að hafa samband við Sigurborgu um okkar mál hvað þetta varðar.

Fundi slitið kl.20:30

Ritari Þorsteinn E. Þorsteinsson